

# *Fornleifakönnun.*

*Álftanesvegur milli Engidals og Selskarðs*

Orri Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands  
FS087-99081  
Reykjavík 1999**



*Efni:*

1. Inngangur .....	4
2. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á fornminjar .....	5
3. Fyrri athuganir og staðhættir .....	6
4. Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði .....	8
5. Niðurstöður.....	14
6. Heimildir.....	15

Viðauki : Kort af menningarminjum milli Engidals og Selskarðs

## *1. kafli. Inngangur*

Fyrirhugað er að breyta vegarstæði Álftanesvegar frá vegamótum við Reykjavíkurveg/Reykjanesbraut að gatnamótum við Bessastaðaveg sem verða færð sunnar. Þá er einnig í hyggju að leggja nýjan veg í framhaldi af Herjólfsbraut þvert á Álftanesveg yfir Garðahraun niður í Arnarnesvog. Álftanesvegur verður færður upp í hraunið og þar verður hringtorg á gatnamótum vegarins og hinnar nýju tengibrautar.

Í maí 1999 fór verkfræðistofan Hönnun, sem sér um hönnun veglínunnar, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún kannaði menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrrgreindu svæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minjar á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við staðkunnuga á svæðinu. Gengið var um þau svæði þar sem vitað var um minjar, svæði þar sem gróðurfar og aðrar vísbendingar gefa líkur til að ætla að fornminjar geti verið og þar að auki þau svæði sem líklegast þykir að framkvæmdir verði á. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,<sup>1</sup> og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

Vettvangsvinna var gerð 20. maí 1999 af Orra Vésteinssyni sem einnig sá um heimildakönnun og frágang skýrslu.

---

<sup>1</sup> Sbr. Adolf Friðriksson, Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegar um Mávahlíðarrið, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegar sunnan Fróðárheiðar, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

## 2. kafli. *Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar*

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
  - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
  - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
  - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
  - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
  - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
  - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
  - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
  - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í

21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

### 3. kafli. *Fyrri athuganir og staðhættir*

Engin eiginleg fornleifakönnun hefur verið gerð á skráningarsvæðinu en það svæðisskrá fornleifa hafði verið gerð 1998 í sambandi við undirbúning fornleifaskráningar í Hafnarfirði.

Svæðið sem vegurinn liggur um var allt í landi Garða fyrir utan vestasta hlutann sem tilheyrði Selskarði. Selskarð (eða Selsgarður) var lögbýlisjörð sem fyrst er getið á 14. öld og lá þá þegar undir Garðakirkju. Þar sem eignarhald beggja jarðanna var á sömu hendi um aldir er því ekki vitað um forn merki jarðanna en nýtingarmörk hafa verið um Álamýri.

Svæðið sem fyrirhuguð veglína liggur um skiptist í tvennt hvað varðar náttúrufar. Austan og sunnanmegin er Garðahraun, úfið en þó vel gróið. Hraunið var beitiland frá Görðum og var þar tekinn mosi og rífið lyng til eldiviðar. Norðvesturhorn hraunsins heitir Hrauntangar og var þar þerrivöllur fyrir þang- og marhálm sem skorinn var á fjörunni neðan við hraunið. Þang til eldiviðar var sótt á þennan stað úr Garðahverfi fram á fyrstu ár 20. aldar. Marhálmurinn var þurrkaður og notaður til einangrunar í timburhús. Kría og æðarfugl verpa í hrauninu norðantil og á Eskinesi var á síðustu öld komið upp æðarvarpi og í sambandi við það reistur lítill kofi fyrir varðmenn (GK-185:046) og er stutt síðan að þekja hans féll niður. Þessi kofi er í gjá ofan við Eskines, allfjarri veglínunni. Norðanvert Garðahraun er kallað Gálghhraun, kennt við Gálga, sem er klofinn hraunstandur nyrst í hrauninu (GK-185:044). Honum og nafninu fylgir sú sögn að þar hafi verið hengdir sakamenn, en þessi staður er þó allfjarri þingstað sveitarinnar, Kópavogi og eru ekki til heimildir um aftökur á þessum stað. Austan við Garðahraun er Hraunsholt en suðvestan í því hefur verið mikil garðrækt á þessari öld og hefur á einum stað verið hlaðinn lítill kofi utan í hraunbrúninni (GK-185: 074). Fyrirhuguð vegarlagning mun sneiða enn frekar af Engidal en núverandi vegur. Í Engidal eru ekki fornleifar svo vitað sé en hann á engu

að síður sinn stað í menningarsögu Hafnarfjarðar og Garðahrepps þar sem samkomur og íþróttamót voru haldin í honum um árabíl á 20. öld.

Vestan við Garðahraun eru sléttir móar upp að Garðaholti, en núverandi Álfþanesvegur liggur neðan í því að austan. Sunnantil eru móar þessir þurrir og allblásnir en norðar, þegar komið er út á eiðið milli lands og Álfþaness er meira blautlendi en þar er þó ekki síður rof og er ástand gróðurs á þessu svæði heldur slæmt. Utan í hraunbrúninni, norðan við Krummakletta, er Garðastekkur (GK-185:056) og er þar allstór hraunhlaðin rétt, sem notuð var fram um 1930, og gróin tóft sem gæti hafa verið stekkurinn sjálfur. Stekkjartún hefur verið í kringum stekkin og hefur það verið ræktað upp og er enn notað. Norðan við stekkjartúnið eru kálgarðar frá þessari öld, en um 200 m norðan við stekkin er gömul hleðsla í hraunbrúninni (GK-185:076) sem gæti verið leifar af eldri stekk.

Við norðvesturhorn Gálgahrauns, þar sem það rennur út í Lambhústjörn er dálítill vík og í henni hleðsla sem gæti verið eftir naust. Um 200 m vestar með ströndinni er ferhyrnd grjóthlaðin girðing, sennilega kálgarður (GK-185:077). Girðing þessi er fast norðan við fyrirhugaða veglínu. Um 500 m vestar er austurendi á sjóvarnargarði (GK-192:003) sem rekja má um 650 m til vesturs meðfram botni Lambhústjarnar. Vestast er garður þessi jafnframt túngarður Selskarðs en hann hefur verið hlaðinn til að verja tún og engi Selskarðs fyrir landbroti. Selskarðstún er ekki lengur í rækt en sker sig þó vel úr. Það er austanmegin á eiðinu milli lands og Álfþaness og er mestur hluti þess austan við núverandi Álfþanesveg en hann liggur þó um vesturhluta þess um hlað á gamla bæjarstæðinu. Bæjarhóllinn í Selskarði (GK-192:001) er hár og greinilegur fast upp við veginn að austan. Þar sést grunnur af síðasta timburhúsinu en stór gryfja hefur verið grafin ofan í hólinn austantil og skemmt hann að verulegu leyti. Rofin úr gryfjunni hafa verið sett upp á bakkana og því er hóllinn svo hár sem raun ber vitni. Ein útihústóft (GK-192:002) er í túninu neðst og austast. Annað mögulegt útihússtæði er í túninu vestan við veginn en ekki er það ótvírætt.

Fyrir utan bæjarhóllinn í Selskarði, sem geymir leifar eftir a.m.k. 600 ára mannvist og eflaust talsvert eldri, eru merkustu fornleifarnar á þessu svæði án efa hin forna þjóðleið frá Álfþanesi inn til Reykjavíkur (GK-185:075). Kristján Eldjárn mun hafa nefnt götu þessa Fógetastíg en ekki er vitað hvort það nafn er gamalt. Gatan er djúp, nú gróin, rás, sem liggur þvert yfir Garðahraun frá Hraunviki norðan undir Hraunsholti og niður í móana austan við hraunið nálægt Lambhústjörn. Hægt er að

rekja götuna áfram í mounum og liggur hún á sjávarbakkanum á um 400 m bili en hverfur um það bil sem sjóvarnargarðurinn hefst að austanverðu. Gatan hefur sennilega legið um hlað í Selskarði og kloffnað þar, önnur gata legið til norðurs til Bessastaða en hin til vesturs á vesturhluta Álftaness. Sú síðarnefnda sést enn sem malarborinn slóði vestur frá Selskarði. Aðrar götur liggja um hraunið af þessari en ekki eru þær jafnsglöggar. Svokallaður Móslóði liggur úr Hraunviki til suðvesturs en sú leið var farin af bændum í Garðahverfi er þeir sóttu mó í Hraunsholtsmýri. Aðalleiðin til Garða lá þó út af Fógetastíg mun norðar og kom niður úr hrauninu skammt norðan við Garðastekk. Fógetastígur er mjög sérstæð og óvenjuleg fornleif. Hún getur engan vegin talist greiðfær fyrir hesta, en engu að síður ber hún vitni um mikla umferð á þessari leið um aldir. Gatan er enn þann dag í dag skemmtileg gönguleið og hefur ótvírætt varðveislugildi.

#### 4. kafli. *Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði*

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún er í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-192:001). Í skránni eru allir þeir fornleifastaðir sem vitað er um á framkvæmdasvæðinu og falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga um hvað telst til fornleifa. Einnig eru skráðar upplýsingar um leifar sem teljast hafa minjagildi þó þær séu yngri en 100 ára. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt : fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti þar sem um slíkt er að ræða, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá. Í niðurstöðukafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér er gefið yfirlit um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu.



## Í landi Garða á Álftanesi:

### **GK-185:043** *Móslóði* heimild um leið

"Stígur úr Garðahverfi, lá meðfram Garðaholti og yfir Flatahraun og svo yfir hraunið inn að Arnarnesvogi, en þar tóku Garðhverfingar upp mó. Troðningur þessi var nefndur Móslóði. (Ath.: G.S. nefnir hann Gálgahraunsstíg syðra, en ekki kannast Guðmann við það nafn, og mun það rangt. ... Gamli vegurinn (götuslóði) úr Reykjavík út á Álftanes lá yfir Hraunsholtslæk og út með ströndinni. Hann greinist í tvo slóða í Hraunviki. Hefur annar suðvestlæga stefnu nokkurnveginn á [Garða]holtsendann (þar sem sandnámið var. Hann var við líði fram um 1920, en er nú að mestu uppgróinn. Er þetta hinn fyrrnefndi Móslóði. Eftir honum var farið með klyfjahesta og reiddur mór úr Hraunsholtsmýri, áður en akvegur kom til sögunnar." segir í örnefnalýsingu. Þessi stígur hefur verið sá austasti af þeim sem lágu yfir hraunið milli Garða og Hraunsholts. Hann hefur af lýsingunni að dæma legið upp í hraunið á svipuðum slóðum og Álftanesvegur kemur nú niður úr því að sunnan, og þaðan legið til norðurs uns hann sameinaðist Fógetagötu í miðju hrauninu

Víða sjást troðningar á þessum slóðum en hvergi er hægt að rekja ákveðna götu alla þessa leið.

Þessi leið hefur verið ívið greiðfærari með reiðingshesta heldur en aðalleiðin 075 sem lá norðar.

**Heimildir:** Ö-Garðahverfi, 14-15,

### **GK-185:044** *Gálgaklettur* örnefni aftökustaður


"Við Lambhústjörn [í Garðahrauni] eru Gálgaklettur, og dregur nokkur hluti hraunsins nafn af þeim. ... Skammt austur frá Hraundröngunum, með tjörninni, eru Gálgaklettur, klofinn hraunstandur, og er skammt á milli klettanna. Á milli þeirra var lagt tré og óbótamenn hengdir þar. Þessir klettur eru einnig nefndir Gálgi og hraunið þar í kring Gálgahraun."

**Heimildir:** Ö-Garðahverfi, 15, 16

### **GK-185:045** *Garðastekkur* 2 tóftir rétt 64°05.409N 21°58.580V

"Krummaklettur eru fyrsta örnefnið á hægri hönd, þegar farið er norður hraunbrúnina norðan Álftanesvegar. Hefur hraunskelin brotnað þar niður og myndað klettana. ... Rústir af gamalli fjárrétt, Garðastekkur, eru u.þ.b. 150 metrum norðan við Krummakletta, á móts við Garðaholtsveg, þar sem hann kemur á Álftanesveg. Rétt þessi var notuð fram yfir 1930." segir í örnefnalýsingu. Tveir túnbleðlar eru sunnan undir hraunbrúninni á móts við Garðaholtsveg. Norðan við austurendann á vestari blettinum er stekkurinn, grjóthlaðin rétt með 4 hólfulum og vestan við hana gróin tóft. Réttin er hlaðin utan í hraunkant og hefur stekkjartún verið í kring. Það hefur nú verið ræktað. Fjær eru stórgrýttir flagmóar.

Réttin skiptist í fjögur hlaðin hól en milli hennar og hraunsins myndast einnig tvö hól til viðbótar. Þá sjást leifar af fimmta hólfinu nyrst. Sunnan við það er 11x9 m hól með dyrum á vesturvegg og eru hleðslurnar allar bogadregnar í þessu hólfi. Sunnan við það er stærsta hólfið og er ekki gengt á milli. Það er 19x6 m og er aðeins gegnt úr því í annað af tveimur minni hólfulum sem eru áföst við það sunnanvið. Þau eru bæði um 5x5 m með dyr á suðurvegg. Í krikanum sem myndast vestan við stekkin er grasi gróin tóft, 10x4 m að utanmáli og mögulega kró eða smátóft aftanúr henni að austan. Gæti verið hinn eiginlegi stekkur.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Garðahverfi, 15

**GK-185:046** heimild

"Í hraunjaðrinum fyrir ofan Eskineseyrar byggði séra Þórarinn í Görðum kofa, er hann hugðist koma sér þar upp æðarvarpi. Rústir kofans sjást enn." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Garðahverfi, 16

**GK-185:074** tóft

64°05.223N 21°57.165V

Suðvestan í Hraunsholti eru aflagðir kál- og kartöflugarðar og ná þeir sumstaðar alveg niður að hraunbrúninni. Hleðsla úr hraungrýti er á einum stað utaní brúninni, um 150 m norðan við núverandi Álftanesveg.

Milli brekkuróta og hraunbrúnar er víða deiglendi, en holtið sjálft hefur verið vallent en nokkuð grýtt.

Hleðslan er tæpir 2 m á lengd og liggur út frá hraunbrúninni og tengist við aflangan hraundrjóla og myndast þannig um 5 m löng og 2 m breið tóft sem er opin til suðurs. Í tóftinni er bárujárn og spýtnabrak sem bendir til að reft hafi verið yfir. Þessi kofi stendur sennlega í sambandi við kál- og kartöflurækt í Hraunsholti. Norðan við þessa tóft má rekja girðingarundirstöðu úr hraungrýti með hraunbrúninni nokkur hundruð metra til NNV.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-185:075** *Fógetastígur* gata leið

64°05.586N 21°57.334V

"Gamli vegurinn (götuslóði) úr Reykjavík út á Álftanes lá yfir Hraunsholtslæk og út með ströndinni. Hann greinist í tvo slóða í Hraunviki. ... Hinn götuslóðinn úr Hraunviki hefur vestlæga stefnu, og hefur hann verið alfaraleið á liðnum öldum. Víða sjást djúpir troðningar og hófaför í klöppunum. Hann greinist um mitt hraunið.

Liggur annar í Garðahverfið, en hinn út á Álftanes. Rétt sunnan við, þar sem vegirnir skiptast, er Skyggfir, stór, einstæður klettur." segir í örnefnalýsingu. Troðningar sjást meðfram fjörunni í Hraunviki og upp með hraunbrúninni vestan við vikið, en um 50 m frá flæðarmáli, þar sem lítið vörðutypki er á brúninni liggur gatan upp á hraunið og er þar geil í brúnina. Hraunið er allslétt um 400 m bein vestur frá Hraunviki og liggur leiðin um það slétta svæði og skiptist gatan sumstaðar í fleiri en eina rás en er allsstaðar mjög skýr. Hún liggur síðan í hlykk fram hjá hraunklettum þar sem hraunið er einna hæst og beygir til norðvesturs vestan við klettana. Þar sem gatan beygir er hraunið allslétt og gætu troðningar legið þaðan til suðurs og suðvesturs en ekki eru þeir skýrir. Frá beygjuni liggur gatan beint í um 300 m - og er þar samsíða fyrirhuguðu vegarstæði, sumstaðar innan við 20 m frá því, en fer undir veglínuna við hæl sem merktur er 1660 m. Þar beygir gatan til vesturs og liggur síðan niður úr hrauninu á móts við hleðsluna 084. Í flagmóunum vestan við hraunið má rekja götuna áfram til vesturs og hefur hún nokkuð beina stefnu á Selskarð. Þar sem gatan nálgast fjöromál í Lambhústjörn eru götupaldrar á stuttum kafla en síðan hverfur hún alveg í mýri og flög. Vestan við Selskarð sést framhald götunnar en þar hefur verið gerður malarvegur, nú aflagður. Líklegt er að gatan hafi klofnað við Selskarð og austari grein legið út á Bessastaði en hin á vesturhluta Álftanes. Á móts við núverandi Garðaholtsveg liggur annar slóði upp í hraunið, um 100 m norðan við Garðastekk 045 og liggur til norðausturs og sameinast aðalgötunni eftir um 250 m. Þetta mu vera gatan sem lá í Garðahverfi. Sú gata er mun ógreinilegri en aðalgatan út á Álftanes. Í hrauninu er gatan víðast alldjúp geil, allt að 1 m djúp og 1-2 m breið. algróin. Brotnað hefur af götunni á einum stað við Lambhústjörn.

Þessi leið hefur verið notuð fram á síðustu ár 19. aldar en sumarið 1873 var lagður vegur yfir Flatahraun frá Sjónarhóli í Engidal, og framhald á honum áleiðis á Hraunsholtið 1879. Endanleg vegtenging við Reykjavík kom þó ekki fyrr en 1897-99. Eftir það mun aðalleiðin á Álftanes hafa fylgt hinum uppbyggða vegi milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og beygt útaf honum í Engidal.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Garðahverfi, 17; Adolf J.E. Petersen: 'Samgönguleiðir til Reykjavíkur að fornu og nýju.' Reykjavík miðstöð þjóðlífs, Rv. 1977, s. 79-97.

**GK-185:076** hleðsla

64°05.581N 21°58.793V

Þar sem gamla þjóðleiðin 075 kemur niður úr Gálgahrauni að vestan er lítil hleðsla úr hraungrýti utan í hraunkantinum norðan við götuna.

Utan í hraunbrún, vallgróinn hvammur næst, fjær eru flagmóar.


Hleðslan er 3 m löng, einföld hraungrýtishleðsla, hvergi meir en tvö umför. Austan við hana er vallgróin hvilft upp í hraunbrúnina og er sokkin grjóthrúga um 16 m austar sem gæti hafa verið á móti hleðslunni. Á milli er óreglulegur þúfnarimi sem gæti verið yfirgróin vegghleðsla. Hefur verið einhverkonar rétt eða aðhald, mögulega stekkur.

**Hættumat:** engin hætta

**GK-185:077** gerði

64°05.685N 21°59.229V

Um 70 m suður af botni Lambhústjarnar, um 200 m vestur af vesturbrún Gálgahrauns er ferhyrnd tóft, fast austan við hestagirðingu sem nú er. Í blásnum móa, stórgrýttum Ferhyrnd regluleg tóft, grjóthlaðin með tvöfaldri, 0,7 m breiðri hleðslu. Hvergi er dyr að sjá.



Tóft þessi er skammt norðan við Þjóðleiðina 075 út á Álftanes, í jaðri fyrirhugaðs vegarstæðis. Sennilega kálgarður. 40 m í norðvestur frá þessum stað er 8 m löng steinaröð milli tveggja jarðfastra steina og gæti sá nyrðri hafa verið undirstaða undir stóra vörðu en hrúga af sokknu grjóti er í kringum hann.

**Hættumat:** hætta vegna vegagerðar

## Í landi Selskarðs:

**Heimildir um jörðina Selskarð:** Jarðardýrleiki óviss 1703. Garðakirkjueign. Fyrst getið 1367, þá meðal jarða Garðakirkju - DI III, 220, sbr. 1397 - DI IV, 107. 1565, skrá yfir byggðar jarðir staðarins, sem ekki voru hjáleigur: "Asbirne Selskard fyrir iij. vætters fiska. áskilinn kyrföðurs vallar slattur. með jordunne ij kugillde." DI XIV, 437. 1703 var einn ábúandi, landskuld 60 álnir, 1 leigukúgildi - JÁM III, 221.

Túnið er á norðurhlið eiðisins milli Garða og Álftaness. Það er náttúrulega slétt valllendi og hefur sennilega ekki verið jafnað mikið með vélum. Austantil tekur við mýri en sjórinn brýtur af norðanmegin. Sunnan og vestan við eru flagmóar. Álftanesvegur liggur eftir endilöngu túninu. Túnið er varið af sjávarnargarði (GK-192:003) norðanmegin vestast en sunnan með því er einnig hleðsla, varla meir en girðingarundirstaða, og skurður utanmeð henni.

**GK-192:001 Selskarð** bæjarhóll bústaður 65°05.894N 22°00.218V

"Jörðin Selskarð er á milli Lambhústjarnar og Skógatjarnar. Hún er nú komin í eyði fyrir nokkrum árum. Gamalt íbúðarhús stendur norðan við veginn út á Álftanes. Á sama stað stóð gamli bærinn áður." segir í örnefnalýsingu. Húsið er nú horfið en eftir er allhár hóll fast norðan við núverandi Álftanesveg þar sem eiðið milli Álftaness og lands er mjóst.

Í túni (nú hrosshagi) á eiði og eru um 100 m til sjávarmáls í Lambhústjörn að norðan en um 300 m að sunnan. Þjóðvegur liggur upp að hólnum að sunnan og er mögulega á honum að hluta.

Syðsti hluti steyptra undirstaða síðasta íbúðarhússins sést enn, um 10 m frá veginum. Nyrðri og meiri hluti grunnsins er hinsvegar horfin því gríðarmikil hola, um 25x20 m að stærð, hefur verið grafin ofan í bæjarhólinn. Hún er 2-3 m djúp og hafa rofin úr henni verið sett á barmana að austan og vestan. Er hóllinn af því mjög hár að norðvestan. Hliðar holunnar eru grónar en sjá má að hleðslugrjót hefur oltið úr sárinu.

Bærinn hefur staðið á náttúrulegri upphækkun en mannvistalrög eru varla undir 1 m á þykkt. Sunnan og vestan við bæinn hefur verið allstór kálgarður og er hlaðinn garður meðfram honum. Hleðslustubbur sést gegnt húsgrunninum fast við veginn og síðan kantur meðfram veginum en að norðvestan er hleðslan skýr og allt að 0,8 m há. Gamli vegurinn (malaraborinn) liggur utan með túninu að sunnan og lá heimreiðin af honum til norðurs. Ójafna er í túninu um 80 m VNV af bæjarhólnum, sunnan við veginn, snýr N-S. Hún er heldur óegluleg en gæti þó verið útihússtæði.

**Hættumat:** hætta vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Garðahverfi, 14

**GK-192:002** tóft útihús

64°05.856N 22°00.079V

Um 150 m austur af bæjarhólnum í Selskarði er útihústóft, um 20 m sunnan við sjóvarnargarð 003 og fast vestan við litla hestarétt úr tré.

Í túnjaðri - nú hestagirðing. Austan og norðan við er talsvert rask og síðan blautur flagmór.



Tóftin er illa hlaðin úr mjög stóru og mjög litlu grjóti. Torf, eða í það minnsta grasrót, er utan á veggjunum en steypuleifar eru ofaná á nokkrum stöðum. Hleðslurnar eru að miklu leyti hrundar inn í tóftina, einkum austurgafli. Timburpil hefur verið á vesturgafli. Mikið rusl er í tóftinni.

**Hættumat:** engin

**GK-192:003** garðlag

varnargarður

64°05.869N 22°00.154V

Fyrir botni Lambhústjarnar er lágur sjóvarnargarður, sem einnig er túngarður Selskarðs vestast. Á sjávarbakka.

Garðurinn er lítilfjórlegur austast, varla meir en girðingarundirstaða en á móts við Selskarð gildnar hann og standa þar 2-3 umför uppúr. Garðurinn er byggður ofan við sjávarmál og fylgir bakkanum með hvössum hornum. Á köflum eru nokkrir metrar milli garðs og sjávarbakka en annarsstaðar er garðurinn fast á bakkanum.

**Hættumat:** hætta vegna landbrots

## 5. kafli. Niðurstöður

- Austan við Selskarð er athugunarsvæðið úthagar stórbýlisins Garða og skiptist það annarsvegar í hraun og hinsvegar í blásna móa.
- Á svæðum sem þessum eru litlar líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við jarðrask.
- Garðastekkur er eini minjastaðurinn í hrauninu sem með vissu getur talist gamall en þar eru talsverðar rústir sem nauðsynlegt er að varðveita.
- Aðrar minjar í og við hraunið eru yngri og tengjast smábúskap og garðrækt kaupstaðarbúa á 19. og 20. öld.
- Fyrirhuguð veglína liggur um tún í Selskarði og utaní hinum forna bæjarhól.
- Í gömlum túnum eru alltaf miklar líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós.
- Bæjarhóllinn í Selskarði hefur þegar verið skemmdur mikið en nauðsynlegt er að varðveita EÐA rannsaka það sem eftir er.
- Hóllinn í Selskarði hefur töluvert rannsóknargildi en þau spjöll sem þegar hafa verið gerð myndu auðvelda rannsókn mjög. Selskarð er ein þeirra jarða sem ætla má að byggst hafi síðar en t.d. Garðar eða Bessastaðir og væri mikilsvert að fá úr því skorið hversu miklu síðar hún byggðist, á 10. öld eða 13. öld?
- Yfir þvert Garðahraun liggur forn þjóðleið, Fógetastígur, djúp rás í hraunið. Veglínan sker hana á tveimur stöðum auk þess sem gatan liggur samsíða fyrirhuguðum vegi á löngum kafla og mikil hætta verður á að hún skemmist við rask á meðan á framkvæmdum stendur.
- Þó götur séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þær samt mannaverk og njóta friðunar sem aðrar fornleifar.
- Fógetastígur er mjög óvenjulegur – óvíða hefur umferð verið svo mikil á Íslandi áður en hestvagnar og bifreiðar komu til sögunnar að rásir hafi klappast í hraun – og er auk þess minnisvarði um mikilvægi Bessastaða sem miðstöðvar stjórnsýslu á Íslandi og efnahagslífs við Faxaflóa um aldir. Stígurinn er meðal allramerkustu fornleifa á höfuðborgarsvæðinu og hefur ótvírætt varðveislugildi.
- Sækja þarf um leyfi til fornleifanefndar ef hylja á fornleifar eða raska við þeim á annan hátt.

Frá minjaverndarsjónarmiði er fyrirhuguð veglína óheppilega staðsett, þar sem hún mun hylja Fógetastíg á löngum kafla og skemma enn frekar bæjar- og túnstæði Selskarðs.

## 6. Heimildir.

Adolf J.E. Petersen: 'Samgönguleiðir til Reykjavíkur að fornu og nýju.' *Reykjavík miðstöð þjóðlífs*, Rv. 1977, s. 79-97.

*Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

Kristján Eiríksson: Garðahverfi [örnefnalýsing], Örnefnastofnun Íslands.